

Ed.

601. Nefndarálit

um flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað tillögur þær um styrk til flóabátaferða, sem samþykktar voru í neðri deild, og getur að mestu leyti fallizt á þær.

Styrkur til bátaferða innan A.-Skaftafellssýslu hefir verið lækkaður úr 2100 kr. í núgildandi fjárlögum niður í 400 kr. og styrkur til Stykkishólmsbáts úr 3000 kr. í 2000 kr. Nefndin lítur svo á, að hér sé um of mikla niðurfærslu að ræða, borið saman við styrk til annara flóaferða, og leggur því til, að þessir styrkir verði hækkaðir, hinn fyrirtaldi um 800 kr. og hinn síðartaldi um 600 kr.

Samkvæmt þessum tillögum flytur nefndin breytingartillögu við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933 og leggur til, að upphæðin til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum verði hækkuð um 1400 kr.

Alþingi, 2. maí 1932.

Páll Hermannsson, H. Steinsson, Ingvar Pálmason.
form. fundaskr., frsm.